

## AUGLÝSING

### um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Myanmar, Tælandi og Víetnam.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn rækju frá Myanmar sem nota á til manneldis.

2. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn rækju frá Tælandi sem nota á til manneldis.

3. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn rækju frá Víetnam sem nota á til manneldis.

4. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. apríl 2002.*

F. h. r.

**Snorri Rúnar Pálmason.**

---

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*